

SOS

BARNAPORPIN



FRÉTTABLAÐ 2. TBL. 24 ÁRG. 2017

FRJÁLS FRAMLÖG



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

REIKNINGSNÚMÉR: 0130-26-9049

KENNITALA: 500289-2529



ERFÐAGJÖF BÆTIR AÐBÚNAÐ SOS MÆÐRA Á EFTIRLAUNUM

Við heyrum stundum dæmi um það hversu erfitt getur verið fjárhagslega að hætta að vinna og fara á eftirlaun. Ellilífeyrir og greiðslur úr lífeyrissjóðum eru oft mjög lágar og hrökkva varla fyrir nauðsynjum.

Við Íslendingar búum þó betur en margar aðrar þjóðir þar sem engar greiðslur eru í boði. Þetta á t.d. við um Indland, þar sem um 40 SOS Barnaþorp sjá fyrir þúsundum munaðarlausra og yfirgefina barna. Mikill fjöldi Íslendinga styrkir börn í þeim þorpum. Öll þessi barnaþorp eiga það sameiginlegt að þau standa og falla með SOS mæðrunum. Án SOS mæðranna væru engin barnaþorp.

Nú er verið að byggja heimili í Hojai á Indlandi fyrir tíu SOS mæður á eftirlaunum. Þær hafa allar alið upp fjölda barna í barnaþorpinu í tuttugu ár eða meira og helgað sig börnunum. Þær eiga því gott eitt skilið þegar þær hætta að vinna.

SOS Barnaþorpin eru staðráðin í að veita þessum konum áhyggjulaus ævikvöld.

Á þessu nýja heimili munu tíu konur fá herbergi ásamt sameiginlegu eldhúsi og setustofu. Hvert herbergi er 30 m² og sameiginleg aðstaða er 90 m². Kostnaður við bygginguna er um 27 milljónir króna.

Fyrir nokkrum árum arfleiddi Anna Kristín Ragnarsdóttir SOS Barnaþorpin að íbúð sinni á Spáni. Hluta af andvirði íbúðarinnar hefur þegar

verið ráðstafað eins og greint hefur verið frá í fyrri tölublöðum fréttablaðs SOS en eftir standa um tíu milljónir króna sem ávaxtaðar hafa verið í samræmi við ákvæði erfðaskrárinnar. Stjórn SOS Barnaþorpanna hefur nú ákveðið að sú fjárhæð verði látin renna í byggingu þessa nýja heimilis í Hojai á Indlandi. Þannig viljum við ekki aðeins stuðla að velferð þeirra fyrrum SOS mæðra sem þar fá heimili, heldur einnig sýna þeim SOS mæðrum sem nú starfa við uppeldi barna í barnaþorpinu, að þær þurfi ekki að hafa áhyggjur af húsnæðismálum eftir að þær hætta að vinna.

288 börn búa nú í SOS Barnaþorpinu í Hojai og eiga 25 þeirra íslenska styrktarforeldra. Með því að SOS mæður á eftirlaunum geti búið í sjálfu barnaþorpinu stuðlum við jafnframt að heilbrigðum samgangi barna og eldri borgara, sem ætti að vera öllum til góðs.

Hægt er að leggja þessu verkefni lið með því að leggja inn á reikning: **334-26-52075** með skýringunni Hojai. **Kennitala SOS er 500289-2529.**

Þeir sem vilja frekari upplýsingar um erfðagjafir til SOS Barnaþorpanna geta haft samband við framkvæmdastjóra Ragnar Schram eða óskað eftir bæklingi um erfðagjafir í síma 564 2910.



FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

ERFÐAGJAFIR

Á blaðsíðunni hér til hliðar segir frá því að hluti erfðagjafar frá íslenskri konu muni nýtast til að byggja heimili fyrir SOS mæður á eftirlaunum á Indlandi. Þannig tryggjum við velferð kvennanna sem lagt hafa á sig mikið fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn og sjáum til þess að þær séu til staðar fyrir börnin þó þær séu hættar störfum. Það er yndisleg tilhugsun að gömlu konurnar skuli geta umgengist börnin og kynslóðirnar njóti þannig góðs hver af annari.

Undanfarin ár hefur SOS Barnaþorpinum á Íslandi borist nokkrar erfðagjafir. Í þeim tilvikum hefur verið um að ræða einstaklinga sem ekki hafa átt börn eða maka á lífi. Þeir hafa þá kynnt sér starfsemi SOS og treyst samtökunum til að fara með það fjármagn og eignir sem um ræðir.

Ekki finnst öllum sú tilhugsun spennandi að sjá eignir sínar og ævisparnað renna í ríkissjóð, en sú er raunin í tilvikum þeirra sem ekki hafa gert erfðaskrá og ekki eiga lögerfingja. Því kjósa margir að gera erfðaskrá og ákveða þannig sjálfir hvert eignir þeirra renna eftir þeirra dag. Mikill fjöldi barna hefur notið góðs af þeim erfðagjöfum sem SOS Barnaþorpin hafa þegið víða um heim í gegnum árin.

Fjótlega munum við t.a.m. geta úthlutað nokkrum tugum milljóna sem SOS á Íslandi fengu í arf nýverið og við greindum frá í síðasta fréttablaði. Ljóst er að mörg illa stödd börn munu njóta góðs af þeirri gjöf og fá tækifæri sem þau ella hefðu ekki fengið.

SOS Barnaþorpin á Íslandi hafa, ásamt fleiri félagasamtökum, gefið út lítinn bækling um erfðagjafir og er hægt að nálgast eintak á skrifstofu okkar í Hamraborg 1, Kópavogi. Einnig sendum við bæklinginn heim til þeirra sem þess óska. Þá er hægt að leita til undirritaðs með spurningar varðandi erfðagjafir til SOS Barnaþorpanna en hvern þann sem vill skoða þessi mál hvet ég til að kynna sér málið vel og vanda til verka, enda mikið í húfi bæði fyrir þann sem gefur og þau börn sem njóta góðs af.



Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir
Heimilisfang: SOS Barnaþorpin
Hamraborg 1 | 200 Kópavogi
Sími: 564 2910
sos@sos.is | www.sos.is
Umbrot: Hype Markaðsstofa
Prentun: Oddi
Prófarkalestur: Ragnar Ingi
Aðalsteinsson
Forsíðumynd: Stúlka í SOS
Barnaþorpinu Isolo í Nígeríu



ÖRUGGUR STAÐUR FYRIR FORELDRALAUS FLÓTTABÖRN

Mohammad Vahedi skilur vel þær raunir sem fylgdarlaus flóttabörn þurfa að ganga í gegnum. Mohammed er sálfræðingur að mennt og er yfirmaður SOS heimilis fyrir unga fylgdarlausa drengi á flótta sem staðsett er í Aþenu í Grikklandi. Mohammed kom nefnilega sjálfur frá Írak til Grikklands fyrir tuttugu árum, án foreldra. Á þeim tíma voru engin heimili eða skýli sem hægt var að dvelja í. Þessi reynsla hjálpar Mohammed eflaust mikið þegar kemur að því að tala við börnin, aðstoða þau og vera góð fyrirmynd.

Alls eru fjögur SOS heimili í Grikklandi fyrir fylgdarlaus flóttabörn en þar er þeim útveguð sálfræðiaðstoð, lögræðiráðgjöf, fæði og margt fleira. Þá fá þau aðgang að tungumálakennslu, komast í skóla við hæfi og geta sinnt áhugamálum, t.d. íþróttum. Eitt af þessum heimilum er eingöngu fyrir stúlkur sem komið hafa einar síns liðs til Evrópu en hin þrjú eru fyrir drengi.

Frá því í maí 2016 hafa yfir 200 fylgdarlaus flóttabörn búið á heimilum SOS í Grikklandi. Þegar börnin koma fer ávallt af stað ferli þar sem reynt er að hafa uppi á fjölskyldu þeirra. Ef það tekst ekki eru önnur úrræði fundin, t.d. heimili í SOS Barnaþorpi.

Um það bil tvö þúsund fylgdarlaus flóttabörn búa nú í Grikklandi. Ekki eru næg úrræði fyrir öll þessi börn og

því er hættu á að þau verði eftir í flóttamannabúðum, á götunum eða verði fyrir ofbeldi og misnotkun.

„SOS Barnaþorpin í Grikklandi eru mjög góð og skipulögð samtök. Það er mikil hugsun á bak við hvert einasta verkefni samtakanna,“ segir Mohammad sem hefur unnið með ungu fólki í Grikklandi síðustu tíu ár.

Mohammad telur að það allra mikilvægasta fyrir fylgdarlaus flóttabörn sé stöðugleiki. „Við þurfum að byggja upp gott samband við þau svo þau viti að við erum ekki á leiðinni neitt. Við verðum til staðar fyrir þau.“

En hverjar ætli helstu áskoranirnar séu? „Þegar börnin koma hingað, reynum við eftir fremsta megni að finna ættingja á lífi. Ef það tekst, og þá sérstaklega ef börnin hafa týnt foreldrum á leiðinni sem við svo finnum, getur biðin verið erfið. Það er langt ferli lagalega séð að sameina fjölskyldur og ef börnin eru orðin stálpuð, geta þau ekki beðið. Sum hafa farið sjálf af stað,“ segir Mohammad og bendir á hversu mikilvægt það sé því að börnin treysti starfsfólki SOS. „Það að sannfæra ungmennin um að bíða róleg og leyfa ferlinu að hafa sinn gang hefur verið í algjörum forgangi hjá okkur. Við gerum okkur þó grein fyrir hvað það getur verið erfitt,“ segir hann að lokum.



SÓLBLÓMAHÁTÍÐ Í RÁÐHÚSINU

Sólblómahátíð SOS Barnaþorpanna var haldin hátíðleg í maí síðastliðnum og var þar mikið fjör. Börn á Sólblómaleikskólum á höfuðborgarsvæðinu fögnuðu þannig afrakstri vetrarins með skrúðgöngu og tónleikum en einnig voru þau að vekja athygli á réttindum barna um allan heim.

Börnin gengu frá Lækjatorgi að Ráðhúsi Reykjavíkur en þegar þangað var komið gæddu þau sér á veitingum og svo tók Pollapönk við og hélt uppi fjörinu.

Alls eru um 30 Sólblómaleikskólar víðs vegar um landið en um er að ræða leikskóla sem styðja SOS Barnaþorpin, ýmist með því að styrkja ákveðið barn eða með öðrum leiðum. Þá fá leikskólarnir skemmtilegt fræðsluefni frá SOS sem segir frá börnum í öðrum menningarheimum.



FJÖLSKYLDUEFLINGU Í GÍNEU-BISSÁ LOKIÐ

SOS BARNAPORPIN Á ÍSLANDI HAFA STUTT VIÐ FÁTÆKAR BARNAFJÖLSKYLDUR Í FIMM ÁR

SOS Barnaporpin á Íslandi hafa undanfarin fimm ár fjármagnað fjölskyldueflingu í Bissá, höfuðborg Gíneu-Bissá þar sem fátækar barnafjölskyldur fá aðstoð til sjálfshjálpar. Nú er verkefninu lokið og var fenginn óháður aðili til að meta árangur þess, aðallega fyrir samtökin sjálf en einnig fyrir utanríkisráðuneytið sem hefur styrkt verkefnið. Geir Gunnlaugsson, fyrrverandi landlæknir, var fenginn í verkið en hann þekkir vel til Gíneu-Bissá þar sem hann starfaði í landinu í nokkur ár og heimsækir það reglulega.

Geir fór til Bissá í byrjun mars til að taka út verkefnið og skilaði af sér skýrslu stuttu síðar. Skýrslan gaf góða mynd af verkefninu, hvað var vel gert og hvað hefði mátt betur fara. Um er að ræða fyrsta fjölskyldueflingarverkefnið sem SOS á Íslandi fjármagnar alfarið og því er afar gagnlegt að fá svo ítarlega og góða greiningu á því.

Skýrsluhöfundur segir að um sé að ræða afar gott og vel unnið verkefni. Starfsfólk SOS bæði hér heima og úti í Gíneu-Bissá hafi staðið mjög faglega að verki og umfram

allt, að hjálpin frá Íslandi hafi skilað sér. Athugasemdir voru þó gerðar við að mögulega hafi markmið verkefnisins verið full háleit þegar litið er til lengdar verkefnisins og fjármagns.

Samtöl skýrsluhöfundar og skjólstæðinga gefa til kynna að mikið traust ríki á milli starfsfólks verkefnisins og íbúa á svæðinu. Þá sinni starfsfólk SOS í Bissá starfinu vel og heiðarlega. Skýrsluhöfundur metur það þó þannig af samtölum sínum við starfsfólk að of mikill tími hafi farið í pappírsvinnu og skýrslugerðir og mögulega sé hægt að einfalda verkferla.

Í heildina sé verkefnið gott og hafi bætt aðstæður skjólstæðinga. Hann telur að SOS á Íslandi hafi sýnt hugrekki á sínum tíma þegar ákveðið hafi verið að byrja með fjölskyldueflingu í Bissá þar sem aðstæður þar eru erfiðar. Hugrekkið hafi skilað sér þó svo að áskoranirnar hafi verið margar, t.d. ebóla og órói í stjórnarháttum landsins.

Síðan í lok árs 2012 hafa yfir 400 börn í 100 fjölskyldum fengið aðstoð í gegnum fjölskylduefningu SOS í Bissá. Niðurstöður verkefnisins eru meðal annars þessar:

- Öll börnin hafa fengið viðunandi bólusetningar
- Öll börnin eiga núna fæðingavottorð
- 72% barnanna mæta í reglubundnar skoðanir á heilsugæslu og hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu
- Öll börnin á skólaaldri eru í skóla
- Öll börnin fá næringarríka máltíð tvisvar á dag
- Öll börnin eiga forráðamann sem hugsar vel um þau og sinnir þörfum þeirra
- Allir forráðamennirnir hafa fengið fræðslu um réttindi barna
- 72% fjölskyldnanna eru orðnar fjárhagslega sjálfstæðar



Þegar einu verkefni er lokið er ekkert annað í stöðunni en að hefja annað. SOS Barnaþorpin á Íslandi eru nú að undirbúa nýtt fjölskylduefningarverkefni í Tullu Moye í Eþíópíu en um er að ræða afar fátækt svæði. Verkefnið mun vera töluvert stærra í sniðum en í Gíneu-Bissá en alls munu 1.500 börn ásamt fjölskyldum sínum fá aðstoð á næstu árum. Þar sem verkefnið í Tullu Moye hefst ekki fyrr en í janúar 2018 hafa SOS Barnaþorpin á Íslandi ákveðið að styrkja önnur fjölskylduefningarverkefni samtakanna á meðan, í Venesúela og Eþíópíu, og nýttast mánaðarlegir styrkir frá Fjölskylduvinir í þau verkefni.

Í Venesúela er SOS með fjölskylduefningu á fjórum stöðum en í heildina eru það yfir 900 fjölskyldur sem fá

aðstoð í verkefninu. Markmið Fjölskylduefningarinnar er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína og styðja fjölskylduna til fjárhagslegs sjálfstæðis. Fjölskyldurnar fá aðstoð í formi menntunar, heilsugæslu, ráðgjafar, barnagæslu og annarra þátta sem hjálpa þeim að yfirstíga erfiðleika og lífa betra lífi sem fjölskylda. SOS á Íslandi mun styrkja verkefnið í Venesúela um tíu milljónir.

Þá mun SOS á Íslandi einnig styrkja tvö fjölskylduefningarverkefni í Bahir Dar í Eþíópíu um 2,7 milljónir. Um er að ræða önnur verkefni en það sem sett verður á laggirnar í Tullu Moye. Alls fá um 2300 fjölskyldur aðstoð frá Fjölskylduefningu SOS í Bahir Dar og mun því fjármagnið frá Íslandi koma sér vel.



FJÖLSKYLDUVINIR ÓSKAST!

Viltu gerast Fjölskylduvinur og styðja við fátækar barnafjölskyldur? Farðu inn á www.sos.is og kynntu þér málið!

SVIPMYNDIR FRÁ STARFSEMI *SOS Barnahorpanna um allan heim*



Úti að leika í SOS Barnahorpinu í Arusha, Tansaníu.



Drengur í SOS Barnahorpinu í Damaskus, Sýrlandi.



Leikskólastrákur í Urumqi, Kína.



Gítarkennsla í SOS Barnahorpinu í Buru Buru, Kenía.



Læknir á vegum SOS sinnir barni í Aleppo, Sýrlandi.



Stúlka með hundinn sinn í SOS Barnahorpinu í Ladimirevci, Króatíu.



Skjólstaðingur Fjölskyldueflingar SOS á saumánámskeiði í Kitwe, Sambíu.



SOS fjölskylda fyrir utan heimili sitt í Ibarra í Ekvador.



SOS móðir og barn í Makeni, Síerra Leónu.

ENDURBYGGING Á SKÓLA Í SÝRLANDI

SOS Barnaþorpin á Íslandi eru um þessar mundir að fjármagna endurbyggingu á skóla í Aleppo í Sýrlandi. Eftir sex ára stríðsástand er talið að um helmingur barna á skólaaldri í austurhluta Aleppo fari ekki í skóla. Skólarnir eru margir hverjir rústir einar og aðrir hafa verið notaðir sem skýli eða fangelsi. Um 90% ríkisrekinna skóla á svæðinu eru ekki í notkun en fátt er mikilvægara fyrir börn í stríðshrjádum löndum en menntun. Staðreyndin er sú að kynslóð af ómenntuðum einstaklingum getur hægt á uppbygginu og framförum þegar stríðið tekur loks enda.

Þrátt fyrir að endurbygging sé áhætta þar sem stríðinu er langt frá því að vera lokið, er skólinn sem um ræðir í Alsukkari hverfinu þar sem ástandið er nokkuð stöðugt eins og staðan er í dag. Fjölskyldur sem voru farnar eru komnar aftur og því búa nú börn í hverfinu, sem þurfa á menntun að halda. Yfirvöld hafa lýst áhuga á að hefja endurbyggingu á skólum í landinu og því fagna SOS Barnaþorpin en yfirvöld munu reka skólann í Alsukkari að framkvæmdum loknum.

Kostnaður við endurbygginguna er talinn vera um tólf milljónir króna og eru framkvæmdir nú þegar hafnar. Áætlað er að þeim ljúki í október næstkomandi en í haust munu um 500 börn á aldrinum 5-18 ára hefja nám í skólanum. Skólinn verður öllum börnum opin, burt séð frá uppruna þeirra, kyni, trú eða afstöðu foreldra í stríðinu.

Nánari upplýsingar (og bráðum nýjar myndir) er að finna á Facebook síðu SOS Barnaþorpanna og neyd.sos.is en þar er einnig hægt að leggja verkefninu lið með mánaðarlegum eða stökum framlögum sem öll renna óskipt til verkefnisins.





UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ STYRKIR NEYÐARAÐSTOÐ SOS Í MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDINU

Í júní síðastliðnum styrkti utanríkisráðuneytið SOS Barnaporpin á Íslandi til að fjármagna neyðaraðstoð samtakanna í Mið-Afríkulýðveldinu. Styrkurinn hljóðar upp á tólf milljónir og móttframlag SOS á Íslandi er rúmar fimm milljónir. Því fara rúmar sautján milljónir frá Íslandi til neyðarverkefna SOS Barnaporpanna í Mið-Afríkulýðveldinu.

Neyðin í Mið-Afríkulýðveldinu er gríðarleg og talin í hópi tíu alvarlegustu vandamála í heiminum í dag. Yfirvöld í landinu ráða ekki við ástandið en mikið af fólki er á flóttu. Þá eru skipulögð dráp á ættbálkum og mannréttindabrot stórt vandamál.

Verkefnið sem SOS Barnaporpin fengu styrk fyrir er staðsett í Bangui í Mið-Afríkulýðveldinu og mun að minnsta kosti standa yfir til vors 2018. Áætlaður fjöldi beinna skjólstæðinga verkefnisins er 12 þúsund börn og fjölskyldur þeirra.

NEYÐARAÐSTOÐIN FELUR MEÐAL ANNARS Í SÉR EFTIRFARANDI:

- *Matargjafir*
- *Heilbrigðisaðstoð fyrir vannærð börn, barnshafandi konur og konur með barn á brjósti*
- *Aðstoð við að koma börnum í skóla*
- *Endurbygging á skólum*
- *Hreinlætisvörur fyrir börn, barnshafandi konur og konur með barn á brjósti*
- *Barnvæn svæði þar sem börn geta fengið aðstoð og leikið sér*
- *Skýli fyrir börn sem misst hafa foreldra sína eða orðið viðskila við þá*

MUNAÐARLAUST FLÓTTABARN MEÐ ÓBILANDI ÁHUGA Á ÍSLANDI

Daliborka Matanovic er 28 ára gömul kona frá Bosníu-Hersegóvínu. Á síðasta ári fékk hún alþjóðlega viðurkenningu SOS Barnaorpanna sem veitt er einstaklingum sem þykja góðar fyrirmyndir og náð hafa langt á sínu sviði. Daliborka starfar hjá fjárfestingasjóði í Króatíu í dag en hefur einnig vakið athygli á réttindum munaðarlausra barna í Króatíu.



Daliborka kom sem flóttamaður til Króatíu þegar hún var barn ásamt fjölskyldu sinni. Foreldrar hennar létust þegar hún var tólf ára og þá fluttust systkinin í SOS Barnaorp þar sem þau ólust upp. Daliborka hefur frá unglingsárum haft mikinn áhuga á Íslandi og kom hingað til lands í júní í boði velviljaðs styrktaraðila. Hún fór meðal annars á knattspyrnuleik Íslands og Króatíu á Laugardalsvelli. Þá hélt Daliborka opinn fund þar sem hún sagði sögu sína ásamt því að fara á Bessastaði og hitta Elizú Reid, velgjörðarsendiherra SOS á Íslandi.

„Ég er með nokkrar myndir í höfðinu frá Bosníu,“ segir Daliborka. Ein sterkasta minningin er þegar sprengja féll nálægt húsinu okkar. Ég varð svo hrædd. Við þurftum að

hlaupa út í skóginn, burt frá heimilinu okkar en þá var ég fjögurra ára, systir mín þriggja ára og litli bróðir minn nýfæddur. Ég man að við þurftum öll að vera mjög hljóðlát, ekkert mátti heyrast. Seinna vissi ég ástæðuna, að hermennirnir voru á eftir okkur,“ segir hún.

Erfitt í Króatíu

Þegar fjölskyldan kom til Króatíu lá leiðin til ættingja sem þar bjuggu. Þeir vildu hins vegar lítið með fjölskylduna hafa og segist Daliborka aldrei hafa vitað ástæðuna fyrir því. „Það endaði á því að við fjölskyldan ásamt ömmu minni og afa leigðum saman hús en amma var á þessum tíma komin með krabbamein og var mikið veik.“

Faðir Daliborku fór fljótlega í herinn

og sáu systkinin hann sjaldan. Hann kom þó einstaka sinnum í heimsókn og þá var hann með litlar gjafir handa þeim. „Hann kom alltaf með litlar öskjur af Nutella súkkulaðismjöri handa okkur. Ég man svo vel þegar hann opnaði töskuna og við vissum nákvæmlega hvað hann myndi taka upp. Okkur fannst það æðislegt,“ segir Daliborka.

„Ég man líka vel eftir því þegar pabbi hvarf. Hann var kominn heim úr hernum en týndist svo einn daginn. Við leituðum og leituðum í þrjá daga þangað til nokkrir menn bönkuðu uppá hjá okkur og sögðu að hann hefði drukknað,“ segir Daliborka. Þetta var árið 1996 en þá var Daliborka aðeins átta ára gömul. Afi hennar og amma voru bæði dáið á þessum tíma og



Á eins árs afmælinu sínu.



Daliborka og bróðir hennar í herberginu sínu í SOS Barnahöfninni.



Í Bosnía stuttu áður en fjölskyldan þurfti að flýja.



Fljótlega eftir komuna til Króatíu.

mamma hennar veiktist fljótlega. „Við fengum hús í skóginum að gjöf frá hjálparsamtökum þannig að við vorum með húsaskjól þó svo að engin rúm eða húsgögn væru þar inni. Mamma var mikið á spítalanum þannig að við systkinin þurftum oft að vera ein heima eða hjá vinafólki mömmu,“ segir hún.

Systkinin fóru þó alltaf í skóla þar sem það var frítt. „Fyrir mér var menntunin gríðarlega mikilvæg,“ segir Daliborka. „Ég hugsaði oft um að klára grunnskólann svo ég gæti fengið vinnu og keypt eitthvað að borða handa okkur, því við vorum alltaf svöng. Ég vonaðist líka til að geta séð fyrir mömmu, því mér datt aldrei í hug að hún myndi deyja.“

150 evrur á mánuði

Þegar Daliborka var tíu ára fékk mamma hennar æxli á höndina sem endaði á því að það þurfti að taka höndina af. Eftir það komu stöðugt ný æxli og var hún annað hvort rúmliggjandi heima eða á spítalanum. „Ég var reið út í mömmu á þessum tíma því öll hennar verk féllu á mig. Ég veit í dag að hún gat auðvitað ekkert gert,“ segir hún. Daliborka fór í skólann á hverjum degi og þurfti svo að hlaupa heim og byrja að elda fyrir systkini sín. „Ég var líka alltaf svöng þar sem ég gat ekkert borðað í skólanum. Það kostaði fimm evrur á mánuði að fá skólamat og við áttum það ekki til. Ég man hvað mér leið illa, ég var alltaf svöng í skólanum. Ég laug að vinum mínum að ég væri

ekker svöng og horfði bara á þau borða,“ segir Daliborka og það tekur greinilega mikið á hana að rifja þetta upp. „Mamma fékk um 150 evrur (17.400 krónur skv. gengi dagsins í dag) á mánuði í barnabætur en það voru einu tekjur heimilisins fyrir utan fyrsta mánuðinn eftir að pabbi dó, þá átti hann eftir að fá útborgað fyrir síðasta mánuðinn í vinnu.

Með þessum peningum keyptum við einn poka af hveiti og einn af kartöflum í byrjun hvers mánaðar sem við nýttum til að elda og baka. Þá fengum við af og til poka af káli frá nágretta okkar og fórum svo reglulega í skógin til að leita að ávöxtum og grænmeti,“ segir hún.

Miklir fordómar í garð flóttamanna

Daliborka segir að fjölskyldan hafi mætt miklum fordómum í Króatíu. „Við vorum flóttamenn í landinu og Króötum fannst við vera að ryðjast inn til þeirra.“ Fordómarnir voru líka til staðar í skólanum bæði frá kennurum og nemendum. „Mig langaði til dæmis mikið að fara í danstíma en kennarinn minn sagði að ég væri ekki með nógu góðar einkunnir til þess. Ég reyndi eins og ég gat að bæta mig en mér fannst þetta samt skrytið því ég var ein af þeim hæstu í bekknum. Það var sama hvað ég stóð mig vel í prófum, ég fékk aldrei að fara í danstímann. Seinna meir gerði ég mér grein fyrir raunverulegu ástæðunni. Þá var líka gert grín að mér, bæði vegna þess að ég átti veika mömmu og var frá Bosnía,“ segir hún.

Þegar móðir Daliborku lést hrundi heimur barnanna. Þá var hún tólf ára og systkini hennar ellefu og níu ára. „Þegar við fengum fréttirnar litu bæði systkini mín á mig. Þau grétu ekki heldur horfðu á mig, eins og þau væru að bíða eftir því að sjá hver mín viðbrögð yrðu. Ég mun aldrei gleyma þessu augnabliki.“ Félagsráðgjafi frá ríkinu kom að sækja systkinin og keyrði þau til fósturfjölskyldu þar sem þau áttu að dvelja í viku áður en þau myndu svo fara á

munaðarleysingjaheimili á vegum ríkisins. „Af einhverjum ástæðum varð breyting á þessu nokkrum dögum áður en við áttum að fara og okkur tilkynnt að það hefðu þrjú pláss losnað í SOS Barnaþorpi og að þar myndi okkur líða vel. Það voru allir voða glaðir yfir þessari skyndilegu breytingu en við vissum ekkert hvert við værum að fara. Þarna breyttist líf mitt á einu augabragði. Ég get eiginlega ekki ímyndað mér hvar ég væri í dag ef við hefðum farið á munaðarleysingjaheimili,“ segir Daliborka en að hennar sögn er aðbúnaður á þeim heimilum í Króatíu afar slæmur.

Fötin í svörtum ruslapoka

Systkinin grétu alla leiðina í barnaþorpið og vildu alls ekki fara. Við komuna í þorpið tók SOS móðir þeirra á móti þeim. „Ég verð mömmu ævinlega þakklát fyrir það hvernig hún tók á móti okkur. Hún heilsaði okkur hlýlega og fylgdi okkur inn. Okkur langaði ekkert að vera þarna en hún sagði að við gætum tekið okkur eins langan tíma og við vildum til að gráta og vera leið. Þá sýndi hún okkur herbergið og bauð okkur að vera þar eða frammi hjá sér. Við vildum vera inni í herbergi og vorum þar í tvo daga. Hún kom alltaf með mat handa okkur og spjallaði smá en passaði sig að vera ekki ýtin. Hún

leyfði okkur að vera reið og gráta í þessa tvo daga en á þriðja degi kom hún til okkar og sagði að nú væri komin tími til að koma fram,“ segir Daliborka og brosir. „Þá var kominn tími á eitt lítið hænuskref.“

SOS móðir systkinanna spurði hvort þau ættu ekki að fara í gegnum fötin þeirra en þau voru öll í einum stórum ruslapoka. „Við skulum athuga hvað þið getið notað,“ sagði hún en það var nú ekki margt. „Flest fötin okkar voru götött og ónýt en einhverju gátum við haldið. Svo fór hún með okkur og fann ný föt, segir Daliborka og viðurkennir að tilfinningarnar hafi verið mjög blendnar. „Við vorum ekki vön svona góðum aðstæðum. Þarna fengum við okkar eigið herbergi og sváfum í rúmum. Við þurftum ekki að gera neitt annað en að leika okkur og einbeita okkur að náminu. Við þurftum ekki að ganga langa vegalengd eftir vatni, elda mat, höggva eldivið og svo fengum við eins mikið að borða og við vildum. Og svo var til endalaust af Nutella, ekki bara litlar öskjur! Ég man líka eftir því þegar við fengum brauð í fyrsta skipti í þorpinu, þá var til smjör og sulta til að setja á því en það höfðum við ekki haft aðgang að áður. Þetta var frábært og okkur leið svo vel en við söknuðum samt mömmu.“



Daliborka og systir hennar í Bosnía.



Daliborka og systir hennar í SOS Barnaþorpinu.

Allir jafnir í barnaþorpinu

Systkinin aðlöguðust lífinu smám saman og sáu fljótt að þarna vildu þeim allir vel. „Það tók okkur nokkra mánuði að verða alveg sátt og það tók mig alveg fjögur ár að sætta mig við dauða mömmu,“ segir Daliborka sem viðurkennir þó að enn þann dag í dag séu systkinin að berjast við gamla drauga. „Áður en við komum í barnaþorpið voru margir sem létu okkur líða illa og eins og við værum ekki nægilega góð. Við vorum lengi að berjast við þá tilfinningu, að vera ekki nógu góð. En í barnaþorpinu leið okkur svo vel. Það voru allir jafnir og þetta var í fyrsta skipti sem við fundum ekki fyrir fordómum og misskiptingu,“ segir hún.

En hvernig ætli fyrstu kynnin við börnin í þorpinu hafi verið? „Fyrsta skiptið sem við fórum út úr húsi verður mér lengi í minni. Það biðu allir krakkarnir eftir okkur úti. Þau vissu öll hvað við hétum og biðu spennt eftir að fá að leika við okkur. Svo voru þau mjög spennt yfir því að vita hvaða leikföng við hefðum komið með okkur en það var nú ekki mikið,“ segir Daliborka og hlær. „Það eina sem við áttum var svona lítil leikjatölva sem maður hélt á. Hún var eldgömul en við höfðum fengið hana að gjöf. Það versta var að við áttum enga leiki í hana.“

SOS Barnaþorpið sem Daliborka og systkini hennar fluttu í var byggt vegna þarfar sem myndaðist í stríðinu. Því voru mörg börn í þorpinu frá Bosníu og nágrenni Króatíu. Þegar systkinin komu inn á heimilið voru þar fjögur börn fyrir á aldrinum 2-12 ára. „Yngstu strákarnir voru bræður, tveggja og þriggja ára. Þegar við komum voru þeir líka nýkomnir og þeir voru ekki með neitt hár, þeir höfðu misst það allt vegna kvíða en þeir höfðu upplifað mjög erfiða hluti sem höfðu mikil áhrif á þá. Það tók þá nokkra mánuði að ná jafnvægi og hárið fór þá að vaxa.“

Daliborka talar um fólkið í SOS Barnaþorpinu sem fjölskyldu sína. „Ég er í mjög góðu sambandi við þau öll og veit að þau standa alltaf með mér og ég get alltaf leitað til þeirra,“ segir Daliborka en hún segist afar þakklát fyrir tækifærin sem hún hefur fengið í lífinu. „Eftir að ég kom í barnaþorpið kynntist ég svo mörgu fólki sem hvatti mig áfram. Bæði í þorpinu og líka á ungmennaheimilinu (sem Daliborka fór á þegar hún fór í framhaldsskóla), það höfðu allir trú á mér. Þau hvöttu mig til að sækja um skólalstyrki, sem ég svo fékk. Þau hvöttu mig til að fara í frekara nám, sem ég gerði. Vegna þess að þau höfðu trú á mér er ég á þessum stað í dag,“ segir Daliborka en þess má geta að á sínum tíma fékk hún viðurkenningu fyrir að vera á meðal þrjátíu bestu háskólanemenda í Króatíu.

Verkefni um Ísland varð að fjarlægum draumi

En hvernig æxlaðist svo þessi mikli áhugi á Íslandi? „Það er mjög myndin saga,“ segir Daliborka. „Þegar ég var þrettán eða fjórtán ára átti ég að gera verkefni í skólanum um eitthvað land í heiminum. Mig langaði mikið að taka skandínávískt land en þau voru öll frátekkin. Nema Ísland!“ Hún vissi ekki mikið um Ísland á þessum tíma en þegar hún fór að lesa sér til kviknaði áhugi á landinu. „Mér fannst Ísland ótrúlega áhugavert og ég las allt sem ég komst í. Ég varð ástfangin af landinu, sögu þess, jafnrétti kynjanna þar og fólkinu. Án þess að hafa komið til landsins,“ segir Daliborka og hlær. „Fljótlega fékk ég áhuga á tungumálinu líka og langaði að læra það. Ég skráði mig því á síðu á netinu þar sem maður skráir annarsvegjar hvaða tungumál maður getur kennt og hinsvegjar hvað maður vill læra. Það var bara ein manneskja sem vildi læra króatísku og gat kennt íslensku, hún hét Valdís og var á svipuðum aldri og ég. Við urðum pennavinkonur og erum góðar

vinkonur í dag. Ég hef þó ekki enn lært íslensku en hún kann króatísku,“ segir hún.

„Með árunum varð áhuginn á landinu meiri og meiri og eftir röð tilviljana er ég loksins komin! Ég trúir því varla að draumurinn sé orðinn að veruleika. Ég var búin að setja mér nokkur markmið í lífinu og ótrúlegt en satt er ég búin að ná þeim öllum, það síðasta var að koma til Íslands. Nú þarf ég greinilega að fara að finna mér ný markmið!“ segir Daliborka að lokum.



Daliborka og Eliza Reid forsetafrú



Daliborka fyrir framan skrifstofu SOS á Íslandi



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Það er okkur mikið gleðiefni að geta sent þér fréttablað SOS Barnaporpanna. Við vonum að þú njótir lestursins og fáir innsýn í starf samtakanna.

Útgáfa fréttablaðsins er þó einnig hluti af fjáröflun samtakanna og því fylgir reikningsnúmer hér að neðan. Þú ræður að sjálfsgöðu hvort og þá hve mikið þú greiðir fyrir blaðið en frjáls framlög koma sér virkilega vel fyrir okkar fjölmörgu skjólstæðinga um allan heim.

REIKNINGSNÚMER: 0130-26-9049

KENNITALA: 500289-2529

Einnig er hægt að hringja í símanúmerið 907-1001 og gefa þannig 1.000 kr. stakt framlag til SOS Barnaporpanna.

TAKK FYRIR STUÐNINGINN!

